ÍSLENSK VERÐBRÉF

Sent til hlutdeildarskírteinishafa í
ÍV Erlend hlutabréf hs. (áður ÍV Erlent hlutabréfasafn hs.)

2. júlí 2026

Tilkynning um breytingar á reglum sjóðsins ÍV Erlend hlutabréf hs.

Bréf þetta er sent hlutdeildarskírteinishöfum í verðbréfasjóðnum ÍV Erlend hlutabréf hs., kt. 581206-9760, sem áður bar heitið ÍV Erlent hlutabréfasafn hs. Sjóðurinn er verðbréfasjóður sem starfar samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og er í rekstri Íslenskra verðbréfa hf., kt. 491001-2080.

Íslensk verðbréf hf. hefur fengið staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á nýjum reglum fyrir sjóðinn. Í breytingunum felst í fyrsta lagi að sjóðurinn ber nú heitið ÍV Erlend hlutabréf hs. í stað heitisins ÍV Erlent hlutabréfasafn hs., en kennitala og fjárfestingarstefna sjóðsins eru óbreyttar.

Í öðru lagi er hlutdeildarskírteinum sjóðsins nú skipt í tvo flokka, flokk A og flokk B, sem bera mismunandi þóknun. Flokkur A er ætlaður almennum fjárfestum og flokkur B stærri fjárfestum sem fjárfesta fyrir að lágmarki 500 milljónir króna. Réttindi flokkanna til eigna og tekna sjóðsins eru að öðru leyti þau sömu. Núverandi hlutdeildarskírteini teljast til flokks A og haldast þóknanir þeirra óbreyttar. Fari eignarhlutdeild fjárfestis í flokki B niður fyrir lágmark flokksins vegna innlausnar er rekstrarfélaginu heimilt að færa eftirstandandi eignarhlutdeild yfir í flokk A.

Í þriðja lagi er sjóðnum nú heimilt að gefa út hlutdeildarskírteini bæði í íslenskum krónum og Bandaríkjadölum, en útgáfa í Bandaríkjadölum felur ekki í sér gengisvörn. Núverandi hlutdeildarskírteini eru áfram í íslenskum krónum og breytist ekkert í þeim efnum.

Uppfærð útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingar sjóðsins eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.iv.is. Hlutdeildarskírteinishafar eru hvattir til að kynna sér uppfærðar lykilupplýsingar.

Hlutdeildarskírteinishöfum er ávallt heimilt að innleysa hlutdeildarskírteini sín í sjóðnum í samræmi við reglur hans, án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna.

Hlutdeildarskírteinishafar þurfa ekkert að aðhafast vegna þessara breytinga.

Hlutdeildarskírteinishöfum er bent á rétt sinn til að óska eftir frekari upplýsingum um breytingarnar. Beiðni skal senda á netfangið iv@iv.is.

Virðingarfyllst

Arnór Gunnarsson,
framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.